



HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfjörður 8. ágúst 2018
Málsnr. 180842

Umsögn arkitekts vegna nýtingu lóða við Einhellu 1 og 3 og Álfhelli 2

Þann 6. ágúst leggur Strókur ehf. í samvinnu við Björg Real Estate, inn fyrirspurn til skipulagsfulltrúa er varðar notkun lóðanna við Einhellu 1 og 3 og Álfhelli 2. Fyrirhugað er að samnýta lóðirnar. Með erindinu fylgir greinagerð og skissur er sýna fyrirkomulag húsa og bílastæða ásamt athafnarsvæði innan lóðanna, unnið af Zeppelin arkitektum. Nú er óskað er eftir viðbrögðum skipulagsyfirvalda við tillögunni.

Í greinagerð kemur fram að áhugi er á því að útbúa lóðirnar með þeim hætti að Vegagerð Ríkisins geti nýtt þær. Á skissum eru sýndar fyrirhugaðar byggingar og athafnarsvæði á ofangreindum lóðum. Lóðarhafi Einhelli 3 er Björg Real Estate, og lóðarhafi Álfhelli 2 er Strókur ehf. Einhella er í eigu Hafnarfjarðarbæjar.

Í tillögu er gert ráð fyrir að loka sameiginlegri innkeyrslu Álfhelli 2 og 4, og nýrri innkeyrslu komið fyrir inn á lóð Álfhelli 2. Útfærsla sameiginlegrar innkeyrslu og aðkomu skal vera í fullu samráði við lóðarhafa Álfhelli 4 og sýna þarf fram á lausn vegna umferðar um lóðina svo allir megi vel við una. Ekki er heimilt að samþykkja breytingarnar á lokun sameiginlegrar innkeyrslu eins og þær eru lagðar fram nú.

Í skipulagi er kvöð um gróðurbelti meðfram götu og hvatt til þess að lóðarhafar gangi snyrtilega frá lóðum sínum. Á tillögu uppdráttum má sjá að áhersla hefur verið lögð á grænt yfirbragð á horni Álfhelli og Breiðhelli. Er það ánægjulegt og gefur fyrirheit um að metnaður verði lagður í umhverfið.

Tekið er jákvætt í þær hugmyndir sem nú hafa verið lagðar fram í fyrirspurnarerindinu.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt